


# VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 7. FEBRÚAR 2023 // 6. TBL. // 45. ÁRG.

**Fækkar um 70 í Grindavík**

Grindvíkingar voru 3.650 talsins þann 1. febrúar síðastliðinn og hefur fækkað um sjötíu frá 1. desember 2023. Þetta kemur fram í tölum Þjóðskrár yfir íbúa eftir sveitarfélögum. Þó svo Grindvíkingar hafi allir sem einn þurft að flytja að heiman eftir 10. nóvember á síðasta ári stóð þeim áfram til boða að vera skráðir með heimilisfesti í Grindavík og standa þannig með sínu sveitarfélagi. Þrátt fyrir þetta er fækkun um sjötíu manns raunin, eða 1,9% íbúa.

Alls eru Suðurnesjamennt 32.652 talsins og fjölgaði um 39 frá 1. desember. Það þýðir að fækkunin í Grindavík er ekki að skila sér að fullu í önnur sveitarfélög á Suðurnesjum. Fækkunin getur einnig verið erlent vinnuafli sem hefur ekki skilað sér til baka vegna náttúruhamfara í Grindavík. Nánar á vf.is



Frá upphafi framkvæmda við nýja varnar- og leiðigarðinn við Grindavík. Mynd: Verkis

## Nýr varnargarður rís

■ Varnargarðurinn norðan við Grindavík hækkaður ■ Tveggja til þriggja vikna framkvæmd

Framkvæmdir eru hafnar við nýjan 800 metra langan varnar- og leiðigarð við Grindavík. Garðurinn er austan við varnargarðinn sem byggður var í byrjun árs. Vinna við hann hófst um helgina en garðinum verður að mestu rutt upp með jarðýtum.

„Framkvæmdir hófust á sunnudagsmorgun. Þær snúa að því að lengja garðinn austan megin og búa til nýjan legg þar sem verður ýtt upp. Þá erum við einnig að hækka núverandi varnargarð sem búið var að setja upp og hraunið rann eftir,“ segir Ari Guðmundsson, sviðsstjóri hjá VERKÍS sem hefur umsjón með verkefninu.

Garðurinn sem verið er að ryðja upp að austanverðu er um 800 metra langur og mun liggja í

boga í átt til sjávar. Þá er verið að hækka garðinn norðan við bæinn en hraunið rann með honum þann 14. janúar. Sá garður var fimm til sex metra hár að jafnaði en það liggur ekki fyrir hversu hár hann verður í þessum áfanga sem nú er verið að vinna.

Á vefmyndavélum við Grindavík má sjá að vinnuvélar eru að aka yfir hraunið á mótis við gróðurhús ORF líftækni. Þetta staðfestir Ari og segir að hraunið hafi verið mjög

þunnt þar og þar hafi því hentað að leggja vinnuslóða yfir hraunið. Það auðveldar alla vinnu á svæðinu.

Ari segir að ekki sé að fullu ljóst hvað vinnan við nýja austurgarðinn taki langan tíma. Áætlun gerir ráð fyrir tveggja til þriggja vikna framkvæmdatíma. Frá og með síðasta mánudegi er sólarhringsvakt við framkvæmdina og tækjum fjölgað.

Framkvæmdin hófst á sunnudag með fjórum jarðýtum og beltagröfum en á mánudaginn bættust við nokkrar búkollur í efnisflutninga, þannig að vinna er hafin af fullum krafti við áframhaldandi varnar- og leiðigarða.

### Aðeins hægt að dvelja eða starfa í Grindavík með sérstöku leyfi

Mánudaginn 15. janúar síðastliðinn tók í gildi ákvörðun Ríkislögreglustjóra um brottflutning íbúa frá Grindavík. Í gær, þriðjudag, var sú ákvörðun framlengd. Eingöngu verður heimilt, með sérstöku leyfi lögreglustjórans á Suðurnesjum í samstarfi við almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, að dvelja eða starfa í Grindavík.

Fyrirmælin eru framlengd með hlidsjón af því markmiði Almanna- varna að takmarka eftir því sem unnt er að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni sbr. 1. gr. almannavarnalaga.

Við gerð fyrirsmæla Ríkislögreglustjóra var leitast eftir að gæta meðalhófs eins og kostur er, þ.e. hvort unnt væri að tryggja öryggi með vægari aðgerðum, svo sem að takmarka aðgengi að ákveðnum svæðum.

### Aðgerðir fyrir Grindavík í lok vikunnar

Ríkisstjórnin mun kynna aðgerðapakka fyrir fasteignaeigendur í Grindavík í lok þessarar viku. Þetta kom fram eftir ríkisstjórnarfund á þriðjudag. Samkomulag við fjármálastofnanir um útfærslu á verkefninu liggur fyrir.

„En við erum að ná settum markmiðum, með aðkomu fjármálastofnana, gera fólki kleift að fjárfesta á nýjum stað og að lágmarka og takmarka neikvæð áhrif á ríkissjóð,“ sagði Þórdís Kolbrún Reykjavíkur Gylfadóttir, fjármálaráðherra, í samtali við Ríkisútvarpið á þriðjudag.



**VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.**

**ALLT**  
FASTEIGNASALA

DÍSA@ALLT.IS 560-5510	ASTA@ALLT.IS 560-5507	HELGA@ALLT.IS 560-5523	ELINBORG@ALLT.IS 560-5509	UNNUR@ALLT.IS 560-5506	ELIN@ALLT.IS 560-5521	HAUKUR@ALLT.IS 560-5525	SIGURJON@ALLT.IS 560-5524	PALL@ALLT.IS 560-5501

## Reykjaneskaginn á krossgötum

Atvinnurekendur á Suðurnesjum er boðið til opins fundar í Stapa Hljómahöll, 12. febrúar kl. 17–19.

Hver er staðan og hvað hefur verið gert til að bregðast við þeim áskorunum sem atvinnulífið á Suðurnesjum stendur frammi fyrir? Hver er staða orku- og vatnsmála á svæðum utan Grindavíkur? Fundinum hafði áður verið frestað vegna veðurs í síðustu viku.

### Kynningar verða frá:

- HS Veitum – Páll Erland, forstjóri.
- HS Orku – Tómas Már Sigurðsson, forstjóri.
- Landsneti – Halldór Halldórsson, öryggisstjóri.
- Veðurstofu Íslands – Benedikt Halldórsson, fagstj. jarðskjálftavár.

Atvinnurekendur á Suðurnesjum eru hvattir til að mæta. Fundarstjórnar verða Berglind Kristinsdóttir og Guðmundur Gunnarsson. Fundinum verður streymt beint á Facebook-síðu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Víkurfrétta.



Skemmdar fasteignir á íbúðarsvæði í austanverðum bænum. Mynd/Bsv. Þorbjörn

## Óvissa um hversu margar fasteignir í Grindavík hafa orðið fyrir tjóni

Óvissa er um hversu margar fasteignir að hafa orðið fyrir tjóni. Fjöldi fasteigna er án heits vatns og/eda rafmagns og hafa þegar orðið tjón á eignum vegna frostskemmda og/eda leka.

Þegar eldgos hófst 14. janúar voru Náttúruhamfaratryggingar Íslands langt komnar með tjónamat á húsum og búið var skoða ríflega 260 húseignir af 375 sem tilkynntar voru. Vegna eldgossins 14. janúar hafa fleiri tjón orðið og því þarf að endurmeta stöðuna,

segir í tilkynningu frá Almanna-vörnum.

Hluti stofnana og fjöldi annarra fasteigna í eigu Grindavíkurbæjar eru laskaður og jafnvel ónýtar. Ekki hefur gefist tækifæri til að meta skemmdir og umfang tjóns að fullu. Frá 10. nóvember hefur allri starfsemi og þjónustu á vegum Grindavíkurbæjar verið sinnt frá Reykjavík og engin hefðbundin þjónusta við íbúa, fyrirtæki og samfélagsleg málefni verið til staðar í Grindavík.

Allt hreint  
Umhverfissvöltuð rástingarpjónusta

HREINSUM  
RIMLAGARDÍNUR OG  
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG  
ALLTAF PLÁSS  
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



## Hvíta gullinu mokað í burtu!

Talsvert hefur fallið af snjó á Suðurnesjum undanfarna daga og hafa verktakar á vegum sveitarfélaganna haft í nógu að snúast að hreinsa snjó af götum og bílastæðum. Alltaf eru þó einhverjir sem vilja að betur sé mokað á meðan aðrir vilja hafa allt á kafi og kolófert. Meðfylgjandi mynd var tekin við Hringbrautina í Keflavík þar sem Helgi Guðmundsson, vörubilstjóri, beið eftir því að bíllinn hjá honum yrði fylltur af snjó sem síðan var ekið út fyrir byggðina. VF/Hilmar Bragi



## Viðbygging fyrirhuguð við verknámsaðstöðu FS

Bæjarráð Sveitarfélagsins Voga tók fyrir á síðasta fundi sínum minnisblað um húsnæðismál starfsnámskóla og drög að samningi mennta- og barnamálaráðuneytis og sveitarfélaganna á Suðurnesjum um fyrirhugaða viðbyggingu fyrir verknámsaðstöðu við Fjölbrautaskólann á Suðurnesjum í Reykjanesbæ.

Á fundi stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, sem haldinn var miðvikudaginn 10. janúar sl., var meðfylgjandi erindi á dagskrá og fært til bókar:

Stjórn S.S.S. samþykkir erindið um viðbyggingu á verkmenntaaðstöðu við Fjölbrautaskóla Suðurnesjum og felur framkvæmdastjóra að áfram senda erindið til aðildarsveitarfélaga sinna. Stjórnin bendir á að mikilvægt er að vinna greiningarvinnu betur en fram kemur í minnisblaði.

Afgreiðsla bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga er að það tekur jákvætt í erindið og tekur undir bókun stjórnar SSS.

## Segja veitukerfi í Grindavík mikið löskuð

Almannavarnir hafa á síðustu vikum unnið að því að meta stöðuna í Grindavík. Um er ræða eitt umfangsmesta verkefni vegna náttúruhamfara sem almannavarnakerfið og stjórnvöld hafa tekist á við. Almannavarnir hafa birt yfirgripsmikla samantekt á ástandinu í bænum.

Grindavík er án kalds neysluvatns, þar sem stofnlögn er ónýtt og tengibrunnur skemmdur eftir hraunrennsli. Talið er að dreifikerfið sé laskað en ekki er hægt að kanna það fyrir en þrýstingur er kominn á kerfið. Vegna þessa er t.d. ekkert slökkvivatn er á brunahönum Grindavíkur. Viðgerðir verða umfangsmiklar og tímafrekar, segir í tilkynningu frá Almannavörnum.

Stofnlögn heitavatsins frá Svartsengi er ónýtt og því er nú notast við lögn sem liggur undir hrauni. Sú lögn er með skemmda einangrun og óvíst hve lengi hún mun duga og hversu mikinn þrýsting hún þolir. Þrátt fyrir að náðst hafi að að halda lágmarkshita í byggðinni getur það breyst hratt við minnstu breytingu og því var biðlað til íbúa að hækka ekki hita eða nota heitt vatn þegar farið

var heim. Rúmlega 200 hús eru án hitaveitu en flest þá hituð með rafmagni.

Fráveitukerfið í Grindavík var myndað eftir jarðskjálftana 10. nóvember og búið var að gera á því bráðabirgðaviðgerðir, án þess að þrýstingsprófa. Þrátt fyrir að fráveitukerfið hafi ekki verið skoðað frá síðasta eldgosinu þá er kerfið talið illa farið vegna aflögunar jarðvegs. Bæði hafa hreyfingar verið miklar og fleiri svæði í bænum sigið. Það getur valdið vandræðum síðar og jafnvel víðar í bænum. Óvissa ríkir því um umfang og tímaramma viðgerða.

Stofnstrengur rafmagns frá Svartsengi skemmdist í hraunrennslinu og var því bráðabirgðastrengur hengdur yfir hraunið. Á meðan var Grindavík keyrð á færanlegum varaafslvélum í eigu Landsnets til að halda rafmagnni á byggðinni. Dreifikerfið er því laskað en með mikilli aðstoð ýmissa aðila hefur tekist að fæða nær öll hús með rafmagni. Dreifikerfið er viðkvæmt gagnvart jarðhræringum, álagi og veðri. Viðgerðir verða umfangsmiklar og tímafrekar, segir jafnframt í samantekt Almannavarna á ástandi dreifikerfa. Þar kemur einnig fram að fjarskiptakerfi í Þorbirni eru keyrð á varaafstöðvum þar sem rafstrengur upp á fjallið er skemmdur.



Vatnslagnir og rafstrengur fóru undir hraun norðan við bæinn. Mynd/Golli

# Allt fyrir helgina!

Tilboðin gilda 8.–11. febrúar



Allt fyrir sprengi- og bolludaginn



20%

Gulrófur

**327** kr/kg

409 kr/kg

KJARNAFÆÐI



25%

Saltaðir lambasiðubitar

**494** kr/kg

659 kr/kg

KJARNAFÆÐI



25%

Saltkjöt, ódýrt

**862** kr/kg

1.149 kr/kg

KJARNAFÆÐI



25%

Saltkjöt, saltminna

**2.602** kr/kg

3.469 kr/kg

KJARNAFÆÐI



50%

Berlínarbolla með jarðarberjafyllingu

**149** kr/stk

299 kr/stk

Krossmói  
Opið 10–19

Iðavellir  
Opið 10–21



Betra verð með appinu!



nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## Fimmtugur Einar Áskell í áttthagastofu Bókasafns Reykjaneshæjar

Ný sýning um sögupersónuna Einar Áskell hefur verið opnuð í áttthagastofu Bókasafns Reykjaneshæjar. Sýningin var áður á barnabókasafni Norræna hússins auk annarra bókasafna víðsvegar um landið, m.a. í Grindavík.

Sýningin er unnin í samvinnu við sænska sendiráðið og Sænsku stofnunina á Íslandi og stendur til og með 29. febrúar nk. á opnunartíma safnsins.



## Safnahelgi frestað til haustsins

Safnahelgi á Suðurnesjum er samstarfsverkefni safna, setra og sýninga á Suðurnesjum sem opna dyrnar sínar fyrir íbúum og gestum svæðisins. Hún er venjulega haldin í mars en vegna

viðkvæmrar stöðu Grindavíkur leggur samstarfshópur sem skipaður er fulltrúum allra sveitarfélaganna til að safnahelginni verði frestað til 25.-27. október næstkomandi.



Sigríður, Sævar og Hafdís hafa verið í Bókhaldsþjónustunni í áratugi. vf/pket

# Tekur við Bókhaldsþjónustunni eftir 38 ára starf

- Sævar Reynisson hættir eftir fjörutíu ár.
- Sigríður Björnsdóttir tekur við rekstrinum.

„Við höfum átt miklu láni að fagna með góða viðskiptavini. Þeir eru margir enn hjá okkur eftir fjörutíu ár og verða áfram í góðum höndum hjá Siggu en nú er þetta orðið gott hjá mér og tími til að hætta,“ segir Sævar Reynisson en hann hefur rekið Bókhaldsþjónustuna í fjóra áratugi.

**VF** VIÐSKIPTI  
Páll Ketilsson  
pket@vf.is



Sigríður B. Björnsdóttir, Sigga, hefur starfað hjá Sævari í 38 ár og hefur tekið við stofunni en hvernig kom það til að hún hóf störf hjá honum á sínum tíma? „Þetta gerðist bara þannig að Sævar, sem var kennari í Fjölbautaskóla Suðurnesja og umsjónarkennari minn, skaut þessu að mér í tíma, hvort ég vildi koma í starf hjá honum eftir útskrift, sem ég og þáði – og ég er hér enn,“ segir Sigríður sem fór beint eftir stúdentspróf á viðskiptabraut í bókhaldsvinnuna.

Sævar starfaði sjálfstætt við bókhald með kennslunni í fjölbautaskólanum í nokkur ár þar til hann sneri sér alfarið að rekstri bókhaldsstofu í árslok 1984. Hann segir það hafa verið mikið lán í gegnum tíðina hvað hann hafi verið heppinn með viðskiptavini. „Þetta eru mörg þekkt og góð fyrirtæki á Suðurnesjum, stór og smá, og þetta hefur verið ánægjulegur tími. Eins og í mörgu breytt tölva-tæknin miklu í okkar rekstri. Þetta var sérstök handavinna þarna í upphafi. Það er minnisstætt þegar við þurftum að vélrita skattskýrslur og fleiri pappíra með kalkipappír en það þurftum við að gera ef við ætluðum að eiga afrit sem þurfti sérstaklega í skattskýrslugerð.“

### Skatturinn flottur

Sævar segir að í starfinu í gegnum tíðina hafi samskiptin við skrifstofu Skattsins verið mikil enda hafi þau ídulega skilað gögnum, m.a. skattskýrslum fyrir um fimm hundruð kennitölur. „Samskiptin við Skattinn hafa alla tíð verið ákaflega ánægjuleg og algerlega til fyrirmyndar, sérstaklega síðustu fimmtán, tuttugu árin. Ef það komu upp atriði sem var óvissa um hringdu starfsmenn Skattsins

Sigríður og nýi starfsmaðurinn, Hildur Ýr Sæbjörnsdóttir.



í okkur og við leystum málin í sameiningu. Þetta er örugglega besta þjónustustofnun ríkisins,“ segir bókhaldarinn til rúmlega fjörutíu ára.

### Miklar breytingar

Sigga tekur undir þetta með Skattinn en aðspurð segist hún ekki hafa þurft að hugsa sig lengi um hvort hún vildi taka við rekstrinum. En hvað stendur upp úr hjá henni? „Það hafa náttúrulega orðið miklar og góðar breytingar með stafrænni tækni og tölvunni. Þá hafa viðhorf til mín sem konu líka breyst. Ég get ekki neitað því að fyrstu árin fann maður stundum fyrir því að vera kona. Nokkrir karlkyns eldri viðskiptavinir áttu það til að spyrja hvort Sævar væri við – og vildu ekki ræða málin við mig. En það er sem betur fer liðin tíð,“ segir Sigga. „Ég hef eignast marga góða vini í starfinu sem hafa sýnt mér mikið traust. Ég get nefnt dæmi um einn fyrirtækjaeiganda sem vill að ég sitji alla stjórnarfundir með honum.“

### Möppurnar góðu

Eitt af því sem einkennir bókhaldsstarfið er mappan góða með

pappírnum. Hvernig sér Sigga framtíð möppunar? „Það stýttist í að mappan hverfi. Það er bara þróunin.“

Á Bókhaldsþjónustunni hefur, auk þeirra tveggja, Hafdís Ævarsdóttir starfað í 22 ár og hún mun áfram sinna sjálfstætt verkefnum sem hún hefur verið með. Nýr starfsmaður tók nýlega til starfa en hún heitir Hildur Ýr Sæbjörnsdóttir.

Blaðamaður VF hitti þau á skrifstofu Bókhaldsstofunnar sem er að Hafnargötu 16 í Keflavík. Sævar nefnir frábært útsýnið en út um gluggana blasir við Keflavíkurbjargið og Stakksfjörður. „Sérðu þetta? Útsýnið gerist ekki miklu flottara,“ segir Sævar sem alla tíð hefur sótt í gott útsýni á fjöllum en í seinni tíð hefur hann gengið mikið um grænar grundir gólfvalla.

Þrátt fyrir að starfið hafi veitt honum mikla ánægju segir hann að nú hafi verið kominn tími til að segja þetta gott enda orðinn 72 ára. „Það eru forréttindi að geta haft þetta svona að Sigga taki við og reksturinn haldi áfram. Hún mun sinna okkar viðskiptavinum áfram eins og við höfum gert,“ segir Sævar og Sigga jánkur því þegar hún er spurð hvort hún geti tekið við nýjum kúnum.



## Reykjaness Optikk



Við erum á Aðaltorgi - verið velkomin!

Áratuga reynsla Sjónmælingar  
Góð þjónusta Linsumælingar  
Falleg vara Sjónþjálfun  
Nýjungar í sjónglerjum og tækjum

Tímamantanir í síma 420-0077 og á heimasíðu [www.reykjanessoptikk.is](http://www.reykjanessoptikk.is)  
Fylgdu okkur á Instagram og Facebook @reykjanessoptikk.is



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

### SIGURGEIR NJARÐAR KRISTJÁNSSON,

lést á Hrafnistu Hlévangi sunnudaginn 28. janúar.  
Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju mánudaginn 19. febrúar klukkan 13.  
Sérstakar þakkir til starfsfólks Hlévangs fyrir frábæra umönnun, hlýtt viðmót og vináttu.

Pálína Gísladóttir  
Linda Sigurgeirsdóttir Ármann Jóhannsson  
Birna Borg Sigurgeirsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkæra eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### STEFÁNÍA GUNNLAUG FINNSDÓTTIR,

lést á Hrafnistu Nesvöllum þriðjudaginn 30. janúar.  
Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju mánudaginn 12. febrúar klukkan 13.

Guðbjörn Ragnarsson  
Sigurður Hólm Guðbjörnsson Kristjana Eyvindsdóttir  
Guðmundur Kristján Guðbjörnsson Sigurlaug Finnsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn

# Krúladílar

## AFSLÁTTUR AF BARNAVÖRUM



**119** ~~149~~  
kr./stk

Fruitfunk 16g



**129** ~~169~~  
kr./stk

Happy Monkey Smoothies 180ml



**20% afsl.**

Kiddilicious



**1949** ~~2249~~  
kr./stk

Libero Comfort



**169** ~~219~~  
kr./stk

Ella's Kitchen Skvísur 70/90g 5teg



**269** ~~399~~  
kr./stk

Pampers Sensative Wipes

Gildir til 12. febrúar

**EXTRA**  
KEFLAVÍK

**OPIÐ 24/7**

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



Ö M A M M A Ú S K A T B L K Ó  
 N J A Ð K I M Í T U K K E R D  
 N Ó R Ú Æ I S T É K M A T U R  
 E L G I R N B Ú T N Ó S D T A  
 M K H Ú N N T P R I N N I S U  
 R U E A S R Ú M G N T Æ N Ó M  
 A R F É P A A L Ó G S M G P A  
 T K I G S D M V O L V E Ó R R  
 I E R E N N I R A É Ú F L A A  
 E X E L I N N T Ó N A R F N L  
 V O N T Á S T Ó Æ P N S U U L  
 S X E T G O S V A K T A R K U  
 R Ó T A B R A S A R A L M O B  
 É A Ú M I R Æ S M A S E Ó L S  
 S Æ L G Ú R T K A T R A D N A

VINÁTTA  
 DREKKUTÍMI  
 ANDARTAK  
 TENERIFE  
 SÉRSVEITARMENN  
 MJÓLKURKEK  
 AUKNING  
 INNRA  
 MOLAR  
 INGÓLFUR

ALMANNAVARNIR  
 SINNI  
 MAMMA  
 RENNIR  
 GOSVAKT  
 LOKUNARPÓSTUR  
 DRAUMAR  
 ÁST  
 SAMSÆRI  
 BULLAR

**Gangi þér vel!**



# Kvenfélag Grindavíkur frestar útdrætti í happdrætti

- Flestir vinningarnir fastir í húsakynnum félagsins í Grindavík

„Flestir vinningarnir eru fastir á skrifstofu okkar í Grindavík og við höfum ekki mátt fara þangað,” segir Sólveig Ólafsdóttir, formaður Kvenfélags Grindavíkur sem fagnaði 100 ára afmæli sínu á síðasta ári.

Búið var að undirbúa glæsilega afmælisveislu í íþróttahúsi Grindavíkur þegar móðir náttúra gerði þær fyrirætlanir að engu en í staðinn bauð forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, til móttöku að Bessastöðum. Kvenfélagskonur létu samt náttúruhamfarirnar ekki stöðva sig í að gefa út glæsilegt afmælisblað sem í leiðinni er happdrættismiði. Draga átti í happdrættinu 1. febrúar en vegna aðstæðna í Grindavík var verið ákveðið að fresta drættinum og gefa fleirum kost á að kaupa blaðið og taka þannig þátt í happdrættinu.

Sólveig er ánægð með afmælisblaðið. „Við erum mjög stoltar af afmælisblaðinu okkar en þar er bæði farið ítarlega yfir síðustu 30 ár í sögu félagsins en síðast gaf



kvenfélagið út afmælisblað þegar það var 70 ára. Því er einnig farið yfir söguna frá upphafi og má segja að ýmissa grasa kenni í efnistökuunum, skemmtilegt lesefni, viðtöl

við margar kvenfélagskonur, ferðasögur og uppskriftir úr kvenfélagseldhúsinu svo eitthvað sé nefnt. Síðast en ekki síst er blaðið líka happdrættismiði. Við ætlum að draga á degi kvenfélagskonunnar, 1. febrúar, en þurftum að fresta úrdrættinum vegna mjög erfiðra aðstæðna í Grindavík. Mikið af vinningunum eru t.d. fastir á skrifstofu okkar í Grindavík, við höfum ekki getað komist heim til að sækja þá og því var þessi ákvörðun tekin. Ég vil hvetja alla til að kaupa blaðið, allur ágóðinn rennur í gott mál efni en nú þegar höfum við stutt við bakið á þeim sem minnst mega sín. Það eru erfiðir tímar framundan hjá mörgum og við kvenfélagskonur viljum styðja við bakið á sem flestum en til þess þurfum við stuðning almennings. Hægt er að kaupa blaðið á Facebook-síðu Kvenfélags Grindavíkur eða hafa samband við mig eða aðrar konur í félaginu. Blaðið kostar fjögur þúsund krónur,” sagði Sólveig að lokum.

**SUÐURNESJA**  
**VF** **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?  
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

**Bíla viðgerðir**  
**Smurþjónusta**  
**Varahlutir**

**BÍLAR & PARTAR**

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík  
 sími 421 7979  
 www.bilarogpartar.is

**Rétturinn**

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

**vf.is**

**HEYRN**

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

## Förum við að sjá bolffiski landað í Helguvík?

Eins og fram kom bæði í síðasta pistli mínum, sem og í frétt í Víkurfréttum, þá er aftur að færast líf í Helguvík eftir að Vísir hf. í Grindavík ákvað að færa eina saltfiskvinnslulínu sína úr Grindavík til Helguvíkur.

Það er nefnilega nokkuð merkilegt að Helguvík var upprunalega ekki byggð sem neinskonar höfn sem tengdist sjávarútvegi heldur var hún byggð sem olíuhöfn fyrir Keflavíkurflugvöll. Ofan við Helguvíkursvæðið, ekki langt frá Kólku, eru gríðarlega stórir olíutankar sem að mestu eru neðanjarðar og sjást ekki með berum augum og frá þeim liggja olíuleiðslur inn á Keflavíkurflugvöll.

Árið 1994 komu fyrst upp hugmyndir um að vinna að Helguvík þannig að þar væri hægt að taka á móti fiski og uppsjávarfiski og það var síðan um 1996 að loðnuverksmiðjan í Helguvík tók til starfa.

Stór kostur við Helguvík sem löndunarhöfn er hversu mikið dýpi er í höfninni en saga Helguvíkur sem fiskihöfn tók enda árið 2019 þegar Síldarvinnslan á Neskaupstað ákvað að loka verksmiðjunni. Húsnæðið á Síldarvinnslan ennþá og það mun Vísir nýta sér fyrir vinnsluna sína.



Eitt er nokkuð merkilegt með Helguvík sem fiskihöfn en þar hefur bolffiski aldrei verið landað, einungis uppsjávarfiski eins og loðnu, síld, kolmuna og makríl – en það gæti breyst með nýrri vinnslulínu Vísis og við förum að sjá bolffiski landað í Helguvík.

Annars var haugabræla undir lok janúar og erfitt sjóveður en þó náði Margrét GK að fara einn róður rétt undir lok mánaðar og kom með í land um 14 tonn. Með þeim afla náði Margrét GK að enda sem aflahæsti báturinn að 21 brúttótonni yfir allt landið.

Þegar þessi pistill er skrifaður er fyrsti dagurinn sem loksins

**AFLAFRÉTTIR**

Gísli Reynisson  
 gisli@aflafrettir.is

gaf á sjóinn og mokveiði var hjá bátunum sem réru frá Sandgerði, sem dæmi má nefna að Hulda GK (sem áður hét Dúddi Gísla GK) lenti í svo mikilli mokveiði að báturinn þurfti að tvílanda í Sandgerði, samtals um 22 tonnum. Já, vertíðin greinilega í fullum gangi en mikið agalega sakna ég þó þess að sjá netabátaflotun eins og var herna á árum áður.



Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# HUGGULEGT HEIMA

## NÝTT FEBRÚAR-BLAÐ BYKO



SKANNADU KÓÐANN OG LESTU BLAÐIÐ

á [www.byko.is/bykobladid](http://www.byko.is/bykobladid)



GRUPPO ROMANI

**PARKETFLÍSAR 10X40CM**

kr./m<sup>2</sup>

Antico, hörkustuðull R10

NÚNA -25%  
**8.925**  
11900

Vnr. 18077079



EGGER

**SANDBEIGE LUENA OAK**

kr./m<sup>2</sup>

2050x246x10mm

Harðparket

NÚNA -25%  
**3.725**  
4967

Vnr. 19093002



Svansvottuð málning

**GJOCO INTERIOR 10**

**2,7L**

Gjoco Interior 10 er akrýl-innimálning ætluð á vegg. Hún hefur góða þekju og er slitsterk. Málningin er svansvottuð og lyktarlítill. Hún er með 10% gljástig sem er hefðbundinn glans á veggjum innandyra. Fáanleg í mörg hundruðum litum í 0.68L, 2.7L og 9L einingum.

NÚNA -25%  
**4.946**  
6.595

Vnr. 80602727

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

# Eyrún Ösp þurfti að kljást við krab

„Það sem ekki drepur mann, styrkir mann,“ segir Eyrún Ösp Ottósdóttir úr Grindavík en hún fékk erfitt verkefni í hendurnar á síðasta ári, stuttu eftir að hún eignaðist þriðja barn þeirra hjóna en hún er gift Óskari Péturssyni. Þessi þriðja fæðing gekk illa og upp vöknudu grunsemdir og Eyrún fékk verstu hugsanlegu fréttir, hún var komin með krabbamein í legháls og var meinið komið á þriðja stig en alls eru stigin fjögur. Eyrún setti undir sig hausinn, fór í gegnum meðferðina og fékk svo út úr skoðun 7. desember, meðferðin hafði skilað tilætludum árangri og eins og sakir standa er Eyrún laus við meinið.

## VIDTAL

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vt.is



Eyrún veit samt að hún þarf reglulega að mæta í skoðun og er meðvitund um að meinið gæti tekið sig upp aftur, þess vegna ætlar hún að bíða með að opna kampavínsflöskuna en hún verður í kæli.

Eyrún og Óskar áttu tvö börn fyrir, Ágústa sem er níu ára og Hafliða sem er fimm ára. Una kom í heiminn í júní en Eyrún skynjaði að það væri hugsanlega maðurur í mysunni. „Fæðingin gekk mjög brösuglega sem er frekar óvenjulegt miðað við þriðju fæðingu. Hún var löng, leghálsinn vildi ekki mýkjast og opnast almennilega en þetta hafðist á endanum. Fæðingarlæknirinn sá eitthvað óeðlilegt, hann sá að það var einhver fyrirstaða en sagði að þetta væri vonandi bara einhver örvefur, pantaði fyrir mig í rannsókn eftir fimm vikur svo ég reyndi að þæla ekkert í því. Viku áður en ég átti að fá út úr rannsókninni sótti á mig

einhver ónotatilfinning, ég hugsaði með mér „hvað ef þetta er eitthvað.“ Svo fórum við upp á Landspítala á föstudeginum um verzlunarmannahelgina, áður en við vorum að fara í fyrstu útilegu sumarsins. Ég hafði farið í skoðun deginum áður og vissi að ég væri að fá út úr rannsókninni, ég hafði slæma tilfinningu fyrir niðurstöðunum, ég vissi að það væri eitthvað að. Við Óskar mættum á fund læknisins og fengum þær verstu fréttir sem við höfum á ævinni fengið, ég var komin með leghálskrabbamein á þriðja stigi.“


### Virk í Krafti

Eyrún hefur verið virk í starfi Krafts sem er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra. Til stóð að hún myndi segja sögu sína í átaki sem var að hefjast en Eyrún baðst undan því þegar náttúruhamfarir geysuðu á bæinn hennar, Grindavík. Hún var hins vegar tilbúin að segja sögu sína núna.

Yfirskrift þessa fjáröflunarátaks og vitundarvakningar Krafts í ár er Vertu perla - Berðu Lífið er núna armbandið og vísar það til þess að með því að bera armbandið sé fólk að sýna stuðning með ungu fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendum en félagsmenn Krafts taka alltaf eftir því þegar þau sjá fólk bera armbandið úti í samfélaginu. Eins og einn sem segir sögu sína í vitundarvakningunni segir „...að sjá einhvern með armbandið sýnir mikinn stuðning, skilning og samhug.“ Nokkrir félagsmenn Krafts segja sögu sína í átakinu sem hægt er að sjá á <https://lifidernuna.is/sogur/>. Markmið átaksins er að selja ný Lífið er núna armbönd og leyfa almenningi að öðlast innsýn inn í reynsluheima félagsmanna Krafts með því að deila sögum þeirra.

### Sjötíu greinast árlega

Um 70 ungir einstaklingar greinast með krabbamein á ári hverju og hefur það bæði áhrif á þau greindu sem og fjölskyldu og ástvini þeirra. Kraftur heldur úti jafningjastuðn-



Eyrún Ösp Ottósdóttir úr Grindavík fékk erfitt verkefni

ingi, hagsmunagæslu, öflugri fræðslu, samveru á jafningjagrunni, veitir hagnýtar upplýsingar og stuðlar að samvinnu félagasam-

taka, heilbrigðisstarfsmanna og annarra sem koma að málefnum þeirra sem tengjast sjúkdómnum. Einnig heldur Kraftur úti fjár-

Nú eru öll heimili í **Vogum** tengd ljósleiðara frá Mílu

Nánari upplýsingar ☎ 585 6000 mila@mila.is

Við gerum meira

mila.is

**mila**





Í hendurnar á síðasta ári. VF/Sigurbjörn Daði Dagbjartsson

hagslegum stuðningi með lyfja-  
styrk í samvinnu við Apótekarann,  
Styrktarsjóð og Minningarsjóð fyrir  
aðstandendur ef að félagsmaður  
fellur frá vegna veikinda sinna.

#### Tæklaði meðferðina

Eyrún setti strax undir sig hausinn  
og tæklaði meðferðina af fullum  
krafti. „Auðvitað brá mér að vita  
að krabbameinið væri komið á  
þriðja stig en krabbamein eru  
mjög ólík lækisfræðilega. Mér

var strax sagt að ég væri að fara í  
læknandi meðferð, það var ekki  
bara verið að reyna halda meininu  
niðri, það var ákveðinn léttir. Af  
því að krabbameinið var komið á  
þriðja stig var ekki hægt að gera  
aðgerð því meinið var aðeins búið  
að dreifa sér, t.d. í eitla. Ég hóf því  
bæði geisla- og lyfjameðferð, mætti  
alla virka daga í geislameðferð og  
flesta föstudaga í lyfjameðferð, alls  
sex sinnum. Þetta tók ofboðslega  
mikið á, ég þurfti að hætta með  
Unu á brjósti og gat í raun ekkert

sinnt henni. Fyrirfram sá ég alveg  
fyrir mér að ég myndi missa hárið  
en lyfin voru ekki þess eðlis en það  
skipti mig engu máli, ég var alveg  
búin að setta mig við að missa  
hárið. Svo kláraði ég meðferðina,  
fékk hvíld í nokkrar vikur og svo  
kom bara að dómsdegi 7. desember  
og því lík sæluþilfinning þegar við  
fengum þær fréttir að meðferðin  
hefði skilað tilætluðum árangri. Ég  
mun fara reglulega í skoðun næstu  
árin, á þriggja mánaða fresti og það  
er bara frábært,“ segir Eyrún.

Móðir Eyrúnar, Hrafnhildur  
Björgvinsdóttir eða Abba eins og  
hún er betur þekkt, fékk krabbamein  
í brjósti þegar Eyrún var sex  
ára og Eyrún man vel eftir því. Hún  
ákvað að láta tækka á sér varðandi  
BRCA-genið og fékk þá niður-  
stöðu að hún væri með það og þess  
vegna voru Eyrún og Óskar búin  
að ákveða að drífa barneignir af  
og svo ætlaði hún í brjóstnám sem  
fyrirbyggjandi aðgerð gegn brjóstakrabbameini.

„Ég eignaðist elstu dóttur mína,  
Ágústu, þegar ég var 21 árs og svo  
eftir að ég eignaðist Hafliða fékk  
ég að vita að ég væri með þetta  
BRCA-gen. Við vildum eignast þrjú  
börn og því kom yndislega Una í  
heiminn og svo var planið að fara  
í brjóstnám. Leghálskrabbamein  
tengist þessu BRCA-geni ekki  
neitt og því kom þetta ómurlaga  
á óvart, ég gat alveg búist við því  
að fá brjóstakrabbamein en ekki  
krabbamein í leghálsinn. Út af  
BRCA-geninu fór ég í öll eftirlit  
og stuttu áður en ég varð ólétt fór  
ég í skoðun og ekkert kom í ljós.  
Eins og ég segi, þegar ég fékk úr-  
skurðinn um að vera komin með  
leghálskrabbamein var ég í raun  
svekt, ég hafði sinnt öllu eftirliti  
eins vel og hugsast gat og meira gat  
ég ekki gert.“

#### Ómurlag staða í Grindavík

Eyrún er ein fárra Grindvíkinga  
sem upplifði rýminguna og þær  
hamfarir sem hafa átt sér stað í  
Grindavík ekkert svo illa fyrst um  
sinn, hugur hennar var á allt öðrum  
stað. Á skalanum einn til tíu í gleði  
yfir að fá þær fregnir að vera laus  
við meinið, þá skoraði hún tuttugu.  
Gleðin var ekki síst svona mikil því  
móðurellið er ríkt í henni. „Þegar  
fyrrri rýmingin átti sér stað var ég



Armböndin eru seld í vefverslun  
Krafts á [www.lifidernuna.is](http://www.lifidernuna.is) og  
völdum verslunum Krónunnar.  
Armbandið verður einnig til sölu  
í völdum verslunum Hagkaupa,  
Karakter í Smáralind, Companys í  
Kringlunni, Kúnigúnd á Akureyri og  
í Kringlunni ásamt Krabbameinsfé-  
laginu í Reykjavík, í Árnæssylu og  
á Akureyri. Armbandið fæst í Krón-  
unni í Njarðvík. Öll armböndin eru  
perluð af kröftugum sjálfböðaliðum  
og rennur allur ágóði þeirra í starf-  
semi Krafts til stuðnings ungu fólki  
sem greinst hefur með krabbamein  
og aðstandendum.

nýbúin að klára meðferðina og  
hugur minn var bara hjá sjálfri  
mér. Ég fékk gleðifréttnar svo  
tæpum mánuði seinna og þá var  
ég auðvitað í skjúnunum svo það  
er skrytið hvernig ég hef upplifað  
þær hörmungar sem hafa dunið á  
okkur Grindvíkingum. Hins vegar  
er ég algerlega á sama báti og aðrir  
Grindvíkingar í dag, þetta er óm-  
urlag staða sem við erum í. Þegar  
ég fékk fregnirnar 7. desember fann  
ég hvað gleði mín var mikil yfir því  
að elsku börnin mín voru ekki að  
lenda í því að verða móðurlaus,  
ég gat ekki hugsað þá hugsun til  
enda. Auðvitað er mér sjálfri annt  
um mitt líf en að vera orðin móðir  
setti hlutina í allt annað samhengi.  
Þess vegna var gleðin alveg hreint  
ólýsanleg en aftur, ég ætla ekki að  
fagna sigri í stríðinu, miklu frekar  
lít ég á þetta sem sigur í bardaga  
en er meðvitund um að meinið gæti  
tekið sig upp.“

#### Lít lífið öðrum augum

„Við Óskar erum ekki alveg búin  
að ákveða hvar við setjumst að,  
ég vil helst vera á Suðurnesjum,  
þeim svipar til Grindavíkur. Ég vil  
að börnin mín alist upp við það  
frelsi sem við Óskar ólumst upp  
við í Grindavík, ég vil vera á stað  
þar sem er eins gott íþróttastarf og  
í Grindavík en við eigum eftir að  
finna út úr þessu. Sem betur fer  
áttum við íbúð í miðbæ Reykja-  
víkur og það fer mjög vel um okkur  
en hvort ég vilji alfarið setjast þar  
að er annað mál en þetta hefur  
gengið mjög vel. Ágústa labbar í  
Austurbæjarskólann og Hafliði er á  
leikskóla sem er nánast við hliðina  
á íbúðinni okkar. Ég lít framtíðina  
mjög björtum augum, lít þannig á  
þessa erfiðu stöðu sem ég lenti í að  
það sem ekki drepur mann, styrkir  
mann. Ég lít lífið allt öðrum augum  
eftir þessa reynslu og ætla að njóta  
hverrar sekúndu með fjölskyldunni  
minni,“ sagði Eyrún að lokum.

## Skipulagsauglýsing

### Bæjarstjórn Reykjanessbæjar í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 auglýsir hér með eftirfarandi skipulagsbreytingar

Vatnsnes skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Reykjanessbæjar 2020–2035

Heildarfláði íbúða verði 1.250 og heildarbyggingarmagn á svæðinu verði 185.000m<sup>2</sup>

**Athugasemdafrestur er til 15. febrúar 2024.**

Hvammur og Selvogur Höfnum skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Reykjanessbæjar 2020–2035

ÍB33 hafnir stækka úr 9,1ha í 10ha og íbúðum fjölga um 8. 0,4ha land sem skilgreint er sem opið svæði og hluti svæði samfélagsþjónustu er breytt í frístundabyggð fyrir um 10 lóðir.

**Athugasemdafrestur er til 15. febrúar 2024.**

Kalmanstjórn, Nesvegur 50 óveruleg breyting á aðalskipulagi Reykjanessbæjar 2020–2035.

Byggingarmagn er aukið á lóð úr 12.000m<sup>2</sup> í 17.500 m<sup>2</sup>.

Kalmanstjórn, Nesvegur 50 breyting á deiliskipulagi.

Byggingareitir eru stækkað og byggingarmagn er aukið á lóð úr 12.000m<sup>2</sup> í 17.500 m<sup>2</sup>.

**Athugasemdafrestur við skipulagslýsingar er frá 1. febrúar til 15. febrúar 2024.**

**Athugasemdafrestur við deiliskipulagsbreytingu er frá 1. febrúar til 25. mars 2024.**

Tillögur verða til sýnis á heimasíðu [www.reykjanessbaer.is](http://www.reykjanessbaer.is), skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu Reykjanessbæjar að Tjarnargötu 12. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar innan framangreinds frests.

Skila skal inn skriflegum athugasemdum á netfangið [skipulag@reykjanessbaer.is](mailto:skipulag@reykjanessbaer.is) eða í skipulagsgátt <https://skipulagsgatt.is/>. Að öðrum kosti á skrifstofu Reykjanessbæjar á Tjarnargötu 12 Reykjanessbæ.

Reykjanessbær, 1. febrúar 2024.



REYKJANESBÆR  
Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS

Skipulagsfulltrúi

# Matvælasjóður opnar fyrir umsóknir í febrúar

Matvælasjóður opnar fyrir umsóknir 1. febrúar 2024 vegna fimmtu úthlutunar sjóðsins. Umsóknarfrestur er til miðnættis 29. febrúar 2024.

Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu íslenskra matvæla og hliðarafurða þeirra úr landbúnaðar- og sjávarafurðum á landsvísi.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu sjóðsins [www.matvaelasjodur.is](http://www.matvaelasjodur.is) og umsóknum er skilað í gegnum umsóknarkerfið Afurð.



Matvælasjóður



Stjórnarráð Íslands  
Matvælaráðuneytið

# Suðupottur tækifæra til framtíðar í Grænum iðngarði

Iceland Eco Business Park, IEBP, eða Græni iðngarðurinn hefur það að markmiði að byggja upp fjölbreytta og græna iðnaðarstarfsemi í húsnæði sem áður var ætlað undir álver Norðurláls á iðnaðarsvæðinu í Bergvík og Helguvík. Nú þegar hefur verið gengið frá samningum við fyrsta fyrirtækið sem mun hefja starfsemi í húsunum og næstu samningar verða frágengnir á næstu vikum. Kjartan Eiríksson, framkvæmdastjóri IEBP, segir í samtali við Víkurfréttir að áætlanir geri ráð fyrir að afhenda fyrstu stóru einingarnar í húsunum strax í sumar.

## ATVINNULÍF

Hilmar Bragi Bárðarson  
hilmar@vf.is



Víkurfréttir settust niður með Kjartani á dögnum þar sem farið var yfir þá vinnu sem þegar hefur átt sér stað og hvað sé í pipunum. Í ljósi stöðunnar sem nú er uppi í Grindavík, þar sem fjöldi fyrirtækja, m.a. í matvælaframleiðslu, þarf hugsanlega að finna sér nýtt atvinnuhúsnæði til lengri eða skemmri tíma, lék okkur forvitni á að vita hvort grindvísku fyrirtækin ættu heima í græna iðngarðinum.

„Við erum að horfa til lengri tíma á matvælaíðnaðinn í okkar verkefni. Við vitum að þetta er viðkvæm staða og fyrirtæki úr Grindavík eru að leita sér að aðstöðu á nýjum stað. Nokkur fyrirtæki hafa rætt við okkur og þá er ljóst aði hægt er að útbúa flottar aðstæður fyrir þessi fyrirtæki í garðinum hjá okkur,“ segir Kjartan.

Aðspurður segir hann stöðuna á verkefninu, uppbyggingu á grænni iðnaðarstarfsemi í húsnæði sem áður var ætlað undir álver Norðurláls vera góða. „Þetta er gríðarlega umfangsmikið verkefni. Í fyrsta lagi erum við að breyta um not á þessum innviðum sem þarna eru. Við höfum farið í gegnum grunngreiningu og höfum fengið verkfræðinga og hönnuði til að skoða hvernig við getum við notað og unnið úr þeim mannvirkjum sem þarna eru. Þetta er vinna sem tekur töluverðan tíma.

Samhliða þessu höfum við verið að ræða við aðila og það er ofboðslegur áhugi fyrir þessu. Við erum að finna áhuga frá aðilum sem vilja koma þarna inn en einnig frá samfélaginu fyrir þessari breyttu stefnu á uppbyggingu á þessum reit.“

### Tími stóriðju í Helguvík er liðinn

Kjartan er ekkert að skafa af skoðunum sínum varðandi uppbygginguna í Helguvík.

„Ég segi það hiklaust, að tími stóriðju í Helguvík er liðinn. Það voru ákveðin tækifæri á sínum tíma og sem ég tel að hafi verið réttar ákvarðanir þegar þær voru teknar en svo þróast málin því miður með þeim hætti sem þau gerðu og hafa gert á undanföllum árum. Það er önnur stemning í dag og það gefst ekki tækifæri til að reyna þetta aftur,“ segir Kjartan og vísar til þess að síðasta verkefni fór frekar illa. „Og samfélagið reis upp á móti slíkri uppbyggingu og vildi ekki sjá neitt svona aftur. Úr varð að það þarf að finna eitthvað annað að gera við þetta svæði sem er gríðarlega verðmætt, eitthvað annað sem gefur ekki frá sér mikla mengun.“

### Klæjað í puttana að vinna með yfirburði þessa svæðis

Kjartan hefur í mörg ár verið að skoða möguleika svæðisins í Helguvík og hafði verið byrjaður á því áður en hann byrjaði á sínum



”

Við byrjuðum á að setja okkur ramma um það sem við vildum ekki. Þar með höfum við filterað út allan mengandi iðnað. Við erum ekki með fókus á þannig iðnað í okkar verkefni. Við heyrum líka frá sveitarfélögum að það er vilji til að breyta til.

tíma hjá Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar, KADECO.

„Þegar ég var í háskólanámi var ég kominn með ákveðnar hugmyndir um hvað hægt væri að gera hérna og hef verið að vinna með þær þælingar alla tíð síðan. Eftir að ég hætti hjá KADECO hefur mig klæjað í puttana að halda áfram að vinna með samkeppnislega yfirburði þessa svæðis, nýta flugvöllinn betur og horfa á styrkleika þeirra fyrirtækja sem voru hérna fyrir, iðnaðinn í landinu og allt það sem við höfum. Þá erum við með þekkingu Þórs Sigfússonar sem hefur verið að byggja upp klasastarfsemi á heimsmaðli-kvarða. Ég held að margir átti sig ekki á því hvað hann hefur byggt upp flott verkefni. Hugmyndir sem hann hefur um fullnýtingu á fiski,

þar sem hann talar um 100% fisk, þar sem markmiðið er að það verði ekkert hrat og engu hent. Það verði bara til hliðarafurðir sem nýst í að skapa meiri verðmæti. Við erum farin að sjá fyrirtæki á Íslandi sem eru jafnvel verðmætari en sjávarútvegsfyrirtæki og eru að framleiða úr litlum hluta fiskisins, hráefni sem áður var hent,“ segir Kjartan.

### Sameina þekkingu og krafta

Kjartan segir þekkingu sína að markaðssetja þetta svæði og að vinna með stórar fasteignir og búta þær niður og reyna að koma nýtingu í þær og þekkingu Þórs varðandi klasaupbyggingu og hringrásarhugsun vera skemmtilegt tækifæri í að blanda þessu saman. „Við höfum alla tíð unnið vel saman í þessu og það er algjör samhljómur í okkar sýn. Þá erum við kominn með öflugan fjár-



festa með okkur að kaupnum, sem skemmtilegt er að segja frá að eru líka að horfa á þetta strategískt. Þau eru ekki bara að koma að þessu sem fasteignaverkefni. Fasteignaverkefnið er fint og öll sem komu inn í það hafa áhuga á þessum samfélagsvinkli. Það eru tækifæri með þessum fjárfestingum að koma í gang hlutum sem munu hafa gríðarleg áhrif á samfélagið hérna, byggja upp þekkingu og skapa tækifæri fyrir fólk með viðtæka þekkingu og reynslu. Þar með talið fólk með fjölbreytta menntun, sem öðlast þá ný tækifæri til að starfa hérna og búa – og jafnvel að búa til verkefni sem byggir á samkeppnisfyrirburðum Íslands varðandi hreina náttúru og hreina orku, hrein aðföng úr sjónum eða hvað það er, hugvit og þekkingu og búa til afurðir sem geta fengið mjög mikinn alþjóðlegan fókus,“ segir Kjartan.

### Hvernig hafið þið verið að vinna verkefnið?

„Við byrjuðum á að setja okkur ramma um það sem við vildum ekki. Þar með höfum við filterað út allan mengandi iðnað. Við erum ekki með fókus á þannig iðnað í okkar verkefni. Við heyrum líka frá sveitarfélögum að það er vilji til að breyta til og horfa á ný verkefni út frá þessu. Ramminn er samt víður og það er margt sem passar innan hans.

Í okkar höndum liggur fyrir að búa til bestu blönduna þar sem við erum að vinna með mögulegar hliðarafurðir hjá einu fyrirtæki þannig að annað geti komið að og gert verðmæti úr því. Fyrirtækin sem við höfum verið að ræða við falla öll innan þessa ramma. Þau eru hrein og græn, eru í matvælaíðnaði, eru í ræktun, eru í framleiðslu á matvælum, eru í fiskeldi, í lyfjageiranum, framleiða lyfjatengdar afurðir og það er alveg frábært að finna hvað áhuginn hjá þessum aðilum er mikill.

Þegar við verðum búin að landa fyrstu póstumum þá hafa þeir gríð-

arleg áhrif á það sem á eftir kemur. Það er þá líklegra að hingað komi fyrirtæki sem taki við þeim hliðarafurðum sem verða til og vinni áfram úr því.“

### Hreint og grænt

Kjartan segir að allt það sem þau eru að vinna með núna er hreint og grænt. „Við erum búin að ræða við fimmtíu til sextíu aðila og það eru fimm til sex aðilar framarlega í pipunum hjá okkur. Við erum búin að ganga frá samningi við fyrsta aðilann og erum á næstum vikum að ganga frá samningum við aðra tvo og jafnvel þrjá.“

Græni iðngarðurinn hefur ekki átt langan aðdraganda. „Tilboðinu okkar í byggingarnar var tekið í byrjun síðasta árs. Endanlegir samningar voru ekki frágengnir fyrr en í byrjun sumars. Fyrr en þá gátum við ekki farið að ræða að neinni alvöru við aðila um uppbyggingu. Viðræður þar sem fyrirtæki eru að fara að byggja upp nýjan iðnað eða fletja sína starfsemi taka tíma.

Síðan hefur verið í gangi vinna er lýtur að hönnun og því að greina hvað er til staðar og með hvaða hætti við getum nýtt þessa innviði. Sú vinna hefur tekið þennan tíma sem liðinn er síðan við fengum þetta af fullu í okkar hendur.“

### Finnst þér verkefnið hafa þróast hraðar en þið áttuð von á?

„Ég held að þetta sé bara nokkurn veginn á þeirri áætlun sem við gerðum ráð fyrir og þeim væntingum sem við höfðum. Við vorum með tímavertu í kringum áramótin að vera búin að koma fyrstu aðilunum í gang. Við erum nokkurn veginn á þeirri línu. Við erum með mikið af spennandi málum sem við erum að vinna í. Við erum að byggja upp fyrirtækið og stækka okkar teymi. Það breytir því ekki að við förum að fara inn í þann fasa að hefja framkvæmdir af fullum gangi og það er mikið undir á þessu ári. Við erum jafnvel að tala um að afhenda fyrstu stóru einingarnar í sumar. Erum m.a. núna að auglýsa eftir og ráða inn nýjan verkefnastjóra í gríðarlega spennandi starf tengt framkvæmdum og uppbyggingu“

### Í samræmi við okkar væntingar

Nokkrar framkvæmdir hafa þegar verið í gangi en iðnaðarmenn fara að mæta á svæðið á, af fullum krafti á næstu vikum og Kjartan segir að það sé auðveldara aðgengi að þeim núna en oft áður. Þá sé verið að skoða aðföng. „Við erum að koma inn á markaðinn á góðum tíma og getum unnið mjög hratt.

Áætlunin hingað til er í samræmi við okkar væntingar og ég hef þá tilfinningu að um leið og við erum búin að taka inn þá fyrstu



muni þetta gerast miklu hraðar en við vorum að horfa á í byrjun.“

Húsakosturinn er 25.000 fermetrar að grunnfleti. „Við erum að tala um að ná allavega 35.000 fermetrum út úr þessum byggingum sem eru þarna og þá erum við með stóra lóð sem er að miklu leyti tilbúin til uppbyggingar sem við sjáum fyrir okkur að hægt sé að nýta og stækka með tímanum.

Skálarnir eru um fimmtán metra háir við útvegg. Ef við skiptum því í tvennt þá eru sjö metrar gríðarlega góð iðnaðarlofthæð. Góðar iðnaðarskemmur eru fjórir til sjö metrar við útvegg.

Við erum með hugmyndir strax um að setja milliloft í byggingarnar. Við erum að stilla það af í fimm metrum og eigum þá eftir um níu metra fyrir ofan. Hugmyndin er að setja annað fullberandi iðnaðargólf fyrir ofan. Það eru mikil tækifæri í þessu og strúktúrnum sem er þarna. Það átti að vera brúarkrani í allri byggingunni þegar hún var hönnuð fyrir álver og allt burðarvirkið sem honum tengist nýttist okkur til að byggja milliloft og það er eitt af því sem verkfræðingarnir hafa verið að skoða. Burðurinn er miklu meiri en við erum að setja á þetta. Það er allt þarna sem mun nýtast okkur. Við erum ekki að rífa mikið en erum að fara að byggja áfram á það sem fyrir er.

Kosturinn við þetta er að við getum unnið hraðar með fyrirtækjum að koma sér inn. Það er styttri tími frá þeirra ákvarðanatöku og þar til þaur eru komin í rekstur og geta skaffað sér allan þann búnað sem þarf. Framkvæmdatíminn okkar er ekki vandamálið. Við getum verið að stytta ferilinn hjá fyrirtæki sem er að fara inn í þúsundir fermetra um jafnvel tvö ár. Þá er miðað við að fyrirtæki þurfi að sækja um lóð, byrja að grafa og byggja og komast á það stig sem skálarnir eru í dag,“ segir Kjartan.

#### Með flotta hönnuði í verkefninu

„Við erum með gríðarlega flotta hönnuði með okkur og höfum verið



að ganga mjög langt í að hanna í tengslum við viðræðurnar við þau fyrirtæki sem eru að koma inn. Við búum til myndir og útlitsteikningar af starfseminni. Við gerum þrívíðar myndir til að sýna hvernig þetta getur litið út. Því hefur verið vel tekið. Við erum með hönnuði sem hafa lagt sig mikið fram um að skilja líka ferlana og starfsemina sem er að koma inn, þannig að hægt sé að skipuleggja flæðið á réttan hátt. Á sama tíma erum við að reyna að gera þetta útlitslega spennandi á hagkvæman hátt fjárhagslega. Arkitektum klæjar alveg gríðarlega í puttana að vinna með þetta húsnæði. Öll þessi steypa og stál sem er þarna. Það kostaði mikið að gera þetta sem búið er að gera og við viljum bera virðingu fyrir því og gera sem mest virði úr þeirri vinnu sem þegar hefur átt sér stað. Við viljum líka að upplifun fólks verði skemmtileg í þessu umhverfi sem var hugsað fyrir annað en það er í dag. Fyrirtæki sem koma til okkar geta strax tekið inn í sitt kolefnisbókhalda að þau eru að spara mörg tonn af kolefni með því að nýta þann strúktúr sem þegar er til staðar í skálunum og vera hjá okkur.“

Græni iðngarðurinn er með rétt til að nýta bæði jarðsjó og grunnvatn sem er til staðar á svæðinu. Nú er verið að gera rannsóknir á magni og gæðum vatns á svæðinu. Þarna eru líka vatnslagnir sem eru í rekstri hjá HS Veitum, bæði heitt og kalt vatn sem hefur verið tengt inn í fyrsta húsið. „Það er nægt rafmagn til að koma hefðbundinni iðnaðarstarfsemi í gang í byrjun en það er ekki nægilegt rafmagn fyrir stórnotendur. Aðstæður á markaði eru þannig að það er of lítið framboð og það er eitt af því sem þarf klárlega að horfa til, að auka framboð á raforku. Við viljum nota orku til að búa til umhverfisvænar og hreinar vörur,“ segir Kjartan.

#### Fyrirtæki í vaxtarfasa

Flest fyrirtækin sem koma þarna inn í Græna iðngarðinn munu

verða í vaxtarfasa. „Við horfum til þess að þarna verði bæði ný fyrirtæki og einnig fyrirtæki sem eru með stóran rekstur fyrir en hafi áhuga á að stækka og bæta við sig. Hugmyndafræðin gengur líka út á að búa til aðstæður þar sem frumkvöðlar geta fengið rými, hvort sem það er bara skrifstofuástaða eða framleiðslu- og rannsóknaraðstaða. Þeir sem eru að stíga sín fyrstu skref geti haft þarna aðstöðu.

Við höfum verið að ræða við þekkingarstofnanir eins og Háskóla Íslands að koma með okkur inn í það og búa til grundvöll þannig að þekking á ákveðnu sviði geti þróast þarna, bæði í rannsóknunum og atvinnuuppbyggingu.

Hugmyndafræði okkar gengur líka út á þennan samfélagslega vinkil, að búa til stað þar sem fólk getur komið og einnig að þeir sem ekki endilega eru tengdir þessum græna iðnaði geti komið og fengið þarna skrifstofuástöðu og verið í nálægð við aðra sem eru að starfa og dvelja þarna. Við sjáum þarna mikinn suðupott tækifæra til framtíðar,“ segir Kjartan Eiríksson, framkvæmdastjóri Iceland Eco Business Park, Græna iðngarðsins, í samtali við Víkurfréttir.

## Elíza á trúno í Hljómahöll

Tónlistakonan Elíza Newman kemur á heimaslóðir og heldur trúnotónleika í Hljómahöll fimmtudaginn 8. febrúar 2024. Er um einstakan viðburð að ræða þar sem Elíza mun í fyrsta sinn flytja lög af öllum ferli sínum og segja sögur af ævintýrum og svaðilföllum um tónlistarbransann og lífið. Gestum er velkommið að spjalla og forvitnast um leið og Elíza spilar og segir frá lögum sínum í gegnum árin, allt frá Kolrössi til dagsins í dag. Með Elízu spila góðir vinir og hljómsveitafélagar, Kidda Rokk á bassa, Kalli Kolrass á trommur og Hjörtur Gunnlaugsson á gítar. Einnig er von á upprunalegum meðlimum Kolrössi sem sérstökum gestum þetta kvöld. Látið þennan einstaka tónlistarviðburð ekki fram hjá ykkur fara og mætið í Hljómahöll 8. febrúar!

#### Um Elízu:

Elíza Newman kom fyrst fram í sviðsljósið með hljómsveit sinni Kolrössi Krókríðandi er þær sigruðu Músiktilraunir með látum á sínum tíma og vakti hún strax athygli fyrir frumlegar lagasmíðar, kraftmikinn söng og sviðsframkomu. Hún hefur starfað við tónlist alla tíð síðan og er fjölhæfur listamaður, bæði sem lagahöfundur og flytjandi.

Sem lagahöfundur hefur Elíza samið fjölda laga sem ratað hafa inn á vinsældarlista og í útvörp landsmanna í gegnum árin, bæði með Kolrössi/Bellatrix og sem sólólistamaður. Hún hefur farið víða í tónlistarsköpun sinni og samið allt frá pönki til óperu til Eurovision-laga með smá stoppi á Eyjafjallajökli og nú síðast Fagradalsfjalli! Hún starfaði um árabíl í London og hefur gefið út



fimm plötur með Kolrössi/Bellatrix, eina með hljómsveitinni Skandinavia og fimm sólóplötur til þessa sem allar hafa hlotið lof gagnrýnenda, bæði heima og erlendis. Elíza hefur spilað með

fjölda listamanna í gegnum árin og má þar nefna listamenn eins og Ed Sheeran og Coldplay.

Nýjasta breiðskífa Elízu, platan Wonder Days, hefur fengið frábærar viðtökur og lof gagnrýnenda og hafa lög eins og Fagradalsfjall (you're so pretty) og Icebergs hljómað mikið í útvarpi. Lagið Ósýnileg vakti einnig mikla athygli á síðasta ári fyrir sterk skilaboð og myndband sem tilnefnt var til íslensku tónlistarverðlaunanna 2023.

Komið og verið með í þessari einstöku kvöldstund, eðaltónlist, sögur og sprell!

Miðaverð er 5.900 krónur.



TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆJAR



### DAGUR TÓNLISTARSKÓLANNA Nemendatónleikar og hljóðfærakynning fyrir Forskóla 2

Miðvikudaginn 7. febrúar, á „Degi tónlistarskólanna“ verður haldinn einn af hinum reglubundnu 17:30 nemendatónleikum skólans.

Í tilefni dagsins munu þeir verða veglegri en oftast áður.

Tónleikastaður er Berg eins og venjulega og að sjálfsögðu eru allir velkomnir.

Í tilefni af Degi tónlistarskólanna efnir skólinn til hljóðfærakynningar í Tónlistarskólanum fyrir nemendur Forskóla 2, laugardaginn 10. febrúar. Dagskráin verður sem hér segir:

Kl. 10:30 Stuttir tónleikar nemenda Forskóla 2 í Rokksafni Íslands, Hljómahöll.

Kl. 10:45 Hljóðfærakynningar í Tónlistarskólanum fyrir Forskóla 2.

Nemendur Skólans fá jafnframt að prófa hljóðfærin undir leiðsögn tónlistarkennara.

Dagskránni lýkur kl.12:15.

Sjá nánari umfjöllun á vef Víkurfrétta.

Skólastjóri



Sigríður Pálína Arnardóttir, Kjartan Þórsson og Magdalena Margrét Jóhannsdóttir.

## Reykjanesapótek nýtir íslenskt hugvit í persónusniðna þjónustu

Reykjanesapótek hefur hafið samstarf við íslenska sprotafyrirtækið Prescriby þar sem skjólstæðingum er boðin persónusniðin þjónusta til að minnka eða hætta notkun sterkra verkjalyfja, róandi og svefnlyfja.

„Við erum svo spennt fyrir því að vera byrjuð að bjóða upp á þessa þjónustu og höfum fengið gríðarlega miklar viðtökur frá samfélaginu,“ segir Sigríður Pálína Arnardóttir, lyfjafræðingur og einn eigenda Reykjanesapóteks.

Magdalena Margrét Jóhannsdóttir, lyfjafræðingur og með-eigandi Reykjanesapóteks, tekur einnig fram að þau eru með hóp af menntuðum lyfjafræðingum sem vilja fá að leggja sitt af mörkum í veitingu heilbrigðisþjónustu og stuðla að heilbrigðara samfélagi.

„Við brennum fyrir það að stuðla að öryggi og heilsu allra. Í apóteki kemur gjarnan fólk sem notast hefur við svefnlyf, róandi eða verkjalyf til langs tíma og vill hætta notkun þeirra, enda farið að hafa veruleg áhrif á þeirra lífsgæði. Það er virkilega góð tilfinning að geta hjálpað okkar skjólstæðingum á þessari vegferð og það er svo

gefandi að sjá fólk öðlast næstum því nýtt líf eftir að það hætta eða minnkar notkun á þessum lyfjum,“ segir Magdalena.

„Við stöndum sjálf í ákveðnu frumkvöðlastarfi með því að taka þátt sem apótek í að styrkja heilbrigðiskerfið og veita heilbrigðisþjónustu. Þess vegna var það svo kærkomið þegar við kynntumst Kjartani og þeim hjá Prescriby sem hafa þróað kerfi til að gera okkur kleift að geta veitt þá gæða þjónustu sem við vitum að við getum skilað til okkar skjólstæðinga,“ segir Sigríður Pálína.

Prescriby er íslenskt sprotafyrirtæki sem var upprunalega stofnað af læknum og forriturum til að tryggja öruggari meðferðir með sterkum verkjalyfjum, róandi og svefnlyfjum.

„Við viljum að fólk sem þarf á þessum lyfjum að halda, t.d. eftir skurðaðgerðir eða aðrar

ábendingar, gæti fengið öruggustu meðferð sem að völ er á og að við gætum hjálpað þeim sem hafa notast við lyfin til langs tíma við að hætta á þeim eða minnka skammta,“ segir Kjartan Þórsson, læknir og einn stofnenda Prescriby, og bætir við:

„Það að við séum að byrja innleiðingu á kerfinu og að veita þessa þjónustu hér á Íslandi markar ákveðin tímamót og hefur hlotið mikla athygli erlendis. Við erum svo heppin að hafa hafið samstarf með framúrskarandi aðilum eins og Reykjanesapóteki og vitum að fleiri stofnanir munu bætast við enda er hér hagsmunamál sem snertir alla þjóðina. Við stefnum nú á að færa þessa þjónustu til allra landsmanna og gera íslenska heilbrigðiskerfið leiðandi á heimsvísu þegar kemur að öruggri meðferð á þessum lyfjum.“

## Íslensk tónlist við grískt verk

Tónlist Smára Guðmundssonar við leiksýninguna Oblivion er komin út

Sandgerðingurinn Smári Guðmundsson var á síðasta ári fenginn til að semja tónlist við dansleiksýninguna Oblivion eftir Christina Kyriazidi sem var sett upp Technocho Fabrika í Aþenu á Grikklandi. Tónlistin úr verkinu er nú komin út hjá Smástirni í samvinnu við Öldu Music og er hægt að nálgast hana á öllum helstu streymisveitum.

Oblivion vakti verðskuldaða athygli þegar það var frumsýnt í Aþenu í nóvember 2023 og er nú verið að undirbúa uppsetningu þess í Berlín í Þýskalandi. Þar verður verkið frumsýnt í ACUD Theater í febrúar næstkomandi.

Tónlistin var að mestu samin þegar Smári dvaldi á Grikklandi snemma árs 2023 og var svo unnin og tekin upp á Íslandi í Stúdíó Smástirni og Stúdíó Bambus. Einvallalið hæfileikafólks lagði hönd á plóg við vinnslu tónlistarinnar. Halldór Lárusson lék á trommur, Matthías Stefánsson á fiðlur og víólur, Fríða Dís söng sem og Stefán Örn sem líka lék á píano ásamt því að hljóðblanda verkið og sjá um útsetningar og upptökstjórn með Smára. Höfundurinn sjálfur, Smári Guðmundsson, lék á gítar, bassa, bouzouki og hljóðgervla. Hljómjónfun var í höndum Sigurdórs Guðmundssonar og það er Katerina Arvaniti sem er höfundur ljósmyndar sem prýðir útgáfuna.

Sérstaklega er mælt með því að setja Oblivion á fóninn við lestur eða þegar þarf að gleyma sér við einhverja iðju.

### Með Smástirni í rúm fimm ár

Smári Guðmundsson hefur rekið útgáfufyrirtækið og stúdíóið Smástirni í rúm fimm ár. Hann hefur gefið út tónlist undir sínu eigin nafni og einnig með hljómsveitunum Klassart, Lifun og Tommygun Preachers. Þá samdi Smári söngleikinn Mystery Boy sem var valinn áhugasýning ársins af Þjóðleikhúsinu árið 2018. Undanfarin ár hefur hann unnið með listahópum frá Þýskalandi og Grikklandi við að taka upp og semja tónlist fyrir útvarpsleikrit og dansverk. Árið 2022 gaf Smári Guðmundsson út smáskífuna Crete sem var unnin á Kít í Grikklandi og einnig hljóðverkið Aging sem var samið fyrir dansverk og frumflutt á hátíðinni „We Love Stories“ sem fór fram á Kít. Meðal þess sem Smári hefur fengist við í hljóðverinu er að stjórna upptökum á plötu Fríðu Dísar, Lipstick On, sem tilnefnd var til Kraumsverðlauna sem og á plötu hennar, Fall River, en báðar plötur komu út á árinu 2022.

### Á tónleikum í Hljómahöll

Smári verður einnig á ferðinni í Hljómahöll þann 15. febrúar nk. kl. 20:00 þar sem hann mun spila á tónleikum með hljómsveitinni



R.H.B. (Rolf Hausbentner Band) og Fríða Dís, systur sinni. Miðasala er á tix.is.

### Hljómsveitin R.H.B.

Hljómsveitin R.H.B. (Rolf Hausbentner Band) var stofnuð árið 2020. Hljómsveitin hefur gefið út fimm lög og fengið spilun bæði á Rás og og Xínu. Lagið Set me free, sem hljómsveitin gaf út ásamt Fríðu Dís, sat m.a. nokkrar vikur á vinsældarlista Rásar 2. Hljómsveitin vinnur nú að sinni fyrstu heilu plötu. Með hljómsveitinni koma fram Pálmur Guðmundsson, Ólafur Ingólfsson, Smári Guðmundsson, Hlynur Þór Valsson, Ólafur Þór Ólafsson og Birta Rós Sigurjónsdóttir. Sérstakir gestir verða Fríða Dís Guðmundsdóttir og Grétar Lárus Matthíasson. Frekari upplýsingar um hljómsveitina er að finna á samfélags síðum hennar. <https://linktr.ee/rolfhausbentnerband>

### Fríða Dís

Fríða Dís hefur starfað sem tónlistarmaður frá unglingsaldri, aðallega sem söngkona og texta- og laga-smiður með Klassart, Eldum og Trilogiu. Árið 2020 hóf hún sólóferil og hefur síðan þá gefið út þrjár plötur hjá útgáfufyrirtækinu Smástirni; Myndaalþúm, Lipstick On og Fall River. Platan Lipstick On hlaut tilnefningu til Kraumverðlaunanna 2022 og í plötugagnrýni í Morgunblaðinu sama ár skrifar Arnar Eggert Thoroddsen: „[...] virkilega vel heppnað verk. Með því betra sem ég hef heyrt á þessu ári.“ Fríða hefur þar að auki tekið þátt í fjölda verkefna með ýmsu tónlistarfólki, t.d. Soffiu Björgu, Íkorna, Ingu Björk, Baggalúti og Jónasi Sig og verið iðin við tónleikahald. Fríða Dís vinnur nú að sinni fjórðu breiðskífu sem er væntanleg seinna á árinu.



## Þakkir

Þakka ánægjuleg samskipti og viðskipti við Bókhaldsþjónustuna í fjörutíu ár. Ég óska Sigríði B. Björnsdóttur alls hins besta en hún hefur tekið við rekstrinum.

Bestu kveðjur  
Sævar Reynisson.

**BÓKHALDSPJÓNUSTAN**  
SÆVAR REYNISSON  
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR



# FLAGGSKIP N1 OPNAÐ Á FLUGVÖLLUM

Ný þjónustustöðvar og verkstæði N1 hefur opnað við Flugvelli í Reykjaneshæð. Þetta er fyrsta N1-stöðin á landinu sem samþættir alla þjónustu fyrirtækisins fullkomlega, bæði fyrir fólk og fyrirtæki.



Páll Ketilsson  
piket@vf.is

„Allt fyrir magann, allt fyrir bílinn og allt fyrir reksturinn“, eins og Páll Lindal, rekstrarstjóri hjá N1, orðar það. „Við hugsum stórt og N1 Flugvöllum verður ákveðið flaggskip og sýnir hvernig N1 vill vinna inn í framtíðina þar sem þjónustan er númer eitt, tvö og þrjú. Við getum varla beðið eftir



að opna og taka á móti fólkinu í Reykjaneshæð með ilmandi kaffi og einhverju fersku og góðu, plús auðvitað allt sem við höfum að bjóða fyrir bílinn eða reksturinn – og allt afgreitt með brosi á vör. Við viljum standa okkur það vel að N1 Flugvöllum verði fastur viðkomustaður þegar Suðurnesjamenn skella sér á rúntinn.“

Verslunin mun einnig sinna þörfum atvinnulífsins með aðstoð, ráðgjöf og góðu úrvali af ýmiss konar vörum, hvort sem það eru olíu- og efnavörur, hreinlætisvörur eða fatnaður, en þar verður einnig hægt að sérpanta allar þær vörur sem N1 býður upp á. Verslunin verður opin til kl. 19:30 alla virka daga og til kl. 17 um helgar.

## Nýjasta tækni í bílþjónustu

Hið nýja þjónustuverkstæði N1 við Flugvelli markar einnig töluverð tímamót. Dagur Benónýsson,

deildarstjóri hjá N1, segir að viðskiptavinir muni njóta þeirra framfara sem eru að verða í öllum tækjum og tækni. „Við tökum vel á móti öllum bílum, hvort sem þeir keyra á hefðbundnu eldsneyti eða rafmagn og þurfa sérhæfðari þjónustu. Þarna verðum við til dæmis með nýja snertilausa umfelgunarvél og dekkþjónustuvél og lyftu fyrir allt að 35 tonn!“ Dagur bætir við að stærð og hönnun rýmisins auðveldi alla þjónustu við stærri bifreiðar. „Það er ágætis dæmi um að við erum að hugsa hlutina upp á nýtt til að einfalda lífið, að stóru bílarnir geti keyrt í gegnum húsið, inn öðrum megin og út hinum megin,“ segir Dagur.



## Unnið að gatnagerð í Suðurnesjabæ

Unnið er að gatnagerð í Klappar- og Teigahverfi í Garði samkvæmt deiliskipulagi hverfisins og stýttist óðum í að íbúðalóðum verði úthlutað. Fljótlega hefjast framkvæmdir við annan áfanga Skerjahverfis í Sandgerði samkvæmt deiliskipulagi.

Með þessum framkvæmdum verður töluvert framboð af lóðum undir allar gerðir íbúða, í rað- og parhúsum, fjölbýli og einbýli. Auk þessa eru nú í gangi framkvæmdir við byggingu íbúðarhúsnæðis á lóðum sem þegar hefur verið úthlutað í báðum þessum hverfum, auk nokkurra lóða á öðrum stöðum í sveitarfélaginu.

Suðurnesjabæ er ört vaxandi sveitarfélag og mikil eftirspurn hefur verið eftir íbúðalóðum sem sveitarfélagið vill mæta með auknu framboði af lóðum, segir í pistli sem Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar, ritar á vef bæjarins.

## Haldið verði í hefð um áramótabrennu í Suðurnesjabæ

Ferða-, safna- og menningarráð Suðurnesjabæjar telur mikilvægt að halda við þeirri hefð að bjóða íbúum upp á áramótabrennu á gamlárskvöld í Suðurnesjabæ. Ljóst er að vegna þróunar byggðar og aukinna krafna sem gerðar eru til slíkra brenna eru þau svæði sem hafa verið nýtt undir brennur undanfarið ár og áratugi ekki lengur nothæf.

Þörf er því á að finna ný svæði sem hægt er að nota undir brennur. Slík svæði skulu uppfylla viðeigandi kröfur um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum. Einnig þurfa svæðin að vera aðgengilegt íbúum, hvað varðar bílastæði og/ eða stutta, aðgengilega gönguleið.

Óskað er eftir því að framkvæmda- og skipulagsráð Suðurnesjabæjar skili tillögum um svæði sem uppfylla framangreint til umfjöllunar í ferða-, safna- og menningarráði fyrir 1. maí 2024.



## STARF VIÐ PÖKKUN OG LAGERHALD HJÁ TARAMAR Í SANDGERÐI

VILTU KOMA OG STARFA MEÐ OKKUR Í FRAMLEIÐSLUDEILD TARAMAR?

Við erum að leita eftir samvisskúsum og ábyrgðarfullum aðila til starfa í pökkun, við þrif og afgreiðslu af lager í framleiðsludeild okkar.

### Hæfniskröfur

- Jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt verkefni
- Samvisskusemi, stundvísi og fagmannleg framkoma
- Snyrtimennska
- Almenn tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku

**TARAMAR**

**TARAMAR** er nýsköpunarfyrirtæki sem hefur sérhæft sig í þróun og framleiðslu á afburða hreinum húðvörum sem byggja á lífvirkum efnum úr náttúru Íslands.

Höfuðstöðvar og framleiðsla **TARAMAR** er á Miðnestorgi 3 í Sandgerði.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn og ferilskrá á [info@tamar.is](mailto:info@tamar.is) fyrir 15. febrúar.

Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Einarsdóttir, framleiðslustjóri, á netfangið [raghildur@tamar.is](mailto:raghildur@tamar.is).



# Fannst rosalega leiðinlegt að hlaupa

- segir Börkur Þórðarson sem hefur náð lágmarki fyrir heimsmeistaramót í maraþoni



Það má segja að Börkur og Guðný Petrína Þórðardóttir hafi hlaupið í fangið á hvort öðru þegar þau kynntust í hlaupahópi 3N fyrir nokkrum árum. Þarið felldi hugi saman og hafa þau verið óaðskiljanleg síðan. Börkur og Guðný eru bæði þjálfarar hjá Þríbrautardeild Njarðvíkur en þau eru einnig mjög virk við að taka þátt í hlaupamótum. Víkurfréttir kíktu í kaffi til hjónaefnanna og ræddu við þau um lífið á hlaupum.

Áður en við byrjuðum viðtalið ræddum við um ástandið í Grindavík og stöðuna sem Grindvíkingar eru í eftir að hafa þurft að rýma bæinn. Börkur er Sigl-firðingur og ég spyr hann hvort hann tengi kannski við snjóflóðahættuna.

„Já, já. Ég bjó í snjóflóðahúsi og við þurftum stundum að rýma. Þannig að maður veit alveg hvernig það er að þurfa að fara – en það var aldrei nema kannski ein, tvær nætur. Ekki oft sem það gerðist og amma mín bjó ská fyrir ofan okkur og hún var stundum látin koma til okkar, það var ekki lengra en það.“

Aðspurður segir Börkur ástæðuna fyrir því að hann flutti til Reykjanesbæjar vera þá að hann hafi kynnst konu frá Keflavík og eignast með henni þrjú börn (töf, sextán og átján ára). Þau skildu en hann ílengdist hér barnanna vegna. Svo lágu leiðir hans og Guðnýjar saman en hún átti tvö börn fyrir (ellefu og tólf ára) svo það er líflégt á heimilinu aðra hvora viku. Börkur og Guðný hafa verið saman í tæp fjögur ár en þau kynntust árið 2020, þegar Covid var allsráðandi.



Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is



„Stefnumótamenningin þá ... við gátum ekki einu sinni farið út á deit, þorðum því eiginlega ekki,“ segja þau einum rómi.

„Ég byrjaði í hlaupahópnum 2020 og fljótlega fór um við svolítið að taka eftir hvoru öðru,“ segir Guðný.

**Þannig að þið tvö eruð hlaupagikkir og það leiddi ykkur saman.**

„Já, það má eiginlega segja það,“ segir Guðný. „Minn bakgrunnur er reyndar fótbolti en svo leiddist ég út í þetta. Mér þótti aldrei neitt sérstaklega gaman að hlaupa bara, það þurfti að vera einhver tuðra fyrir framan mig, eitthvað markmið. Svo veiktist ég svolítið illa árið 2018 og þá leiddist ég út í þessa tegund af þjálfun en áður hafði ég verið að taka þátt í svona þrekmótaröðum og svoleiðis. Þannig að það er eiginlega ástæðan fyrir því að ég er að hlaupa.“

Guðný á svo sem ekki langt að sækja það að keppa í þrekmótaröðum en mamma hennar, Þuríður Þorkelsdóttir [Purý], er ein af hópnum Fimm frækna sem hefur gert góða hluti í þannig keppnum.

**En þú Börkur, hefur þú alltaf verið hlaupandi?**

„Mér fannst rosalega leiðinlegt að hlaupa þegar ég var yngri. Ég æfði skíði þangað til ég var sautján ára og við áttum alltaf að hlaupa á sumrin, æfa okkur svoleiðis. Ég nennti því ekki, keypti mér fjallahjól og hjólaði um allt. Svo dettur maður út úr íþróttunum þegar maður eldist aðeins og 2015, þegar ég byrjaði að vinna hjá Isavia, þá voru þeir alltaf að fara í hjólaferðir, WOW Cyclothon. Voru að hjóla í kringum landið og voru með lið. Ég skráði mig bara og átti ekkert hjól eða neitt, þannig að ég var alltaf að æfa mig á þrekhjóli. Svo pantaði ég mér hjól og hjólaði með þeim tvö ár í röð. 2017 fór ég svo að hjóla og hlaupa með 3N. Ég heillaðist þá af hlaupunum og það átti vel við mig – mér fannst skemmtilegt að þína mig,“ segir Börkur og Guðný bætir við: „Svo er þetta skemmtilegur félagsskapur og ég held að það dragi mann svolítið í þetta. Að vera með fólkinu, mæta með því og hlaupa.“

**Maður sér þetta fólk hlaupandi um allan bæ, er þetta fólk á öllum getustigum?**

„Já og á öllum aldri. Eftir að við tókum við þá höfum við reynt að fá þessa byrjendur inn í hópinn,“ segir Guðný. „Í fyrra fórum við af stað með nýliðanámskeið, ásamt Guðbjörgu Jónsdóttur. Við byrjuðum með þau síðasta vor og svo aftur síðasta haust. Síðan þá hefur hópurinn stækkað umtalsvert, flestir eru í hlaupahópnum en sumir eru í öllum greinum.“

3N snýst um þrjár greinar; hlaup, hjólaferðir og sund. Hlaupahópurinn er langstærsti hópurinn af þessum þremur, það eru hátt í áttatíu manns skráðir í hann.“

Guðný segir að Covid hafi svolítið ýtt undir fjölgun í hlaupa-



**Ég æfði skíði þangað til ég var sautján ára og við áttum alltaf að hlaupa á sumrin, æfa okkur svoleiðis. Ég nennti því ekki, keypti mér fjallahjól og hjólaði um allt ...**

hópnum en á tímum Covid byrjuðu margir að hlaupa. Meira að segja hafa nokkrir hlaupahópar orðið til í bænum.

„Við erum bæði saman með hlaupahópinn og ég er hjólaþjálfari líka,“ segir Börkur sem er líka í stjórn 3N þar sem hann er varaformaður.

**En nýliðanámskeið í hlaupum, þarf að kenna fólki að hlaupa?**

„Já, ég hefði viljað fara á nýliðanámskeið þegar ég byrjaði að hlaupa,“ segir Börkur. „Ég byrjaði rosalega vitlaust að hlaupa. Maður gerði alltaf of mikið, hljóp allt of hratt. Þannig að maður var alltaf búinn á því í staðinn fyrir að dreifa álaginu, hlaupa rólega einhverja daga og hratt aðra. Það er líka rosalega gott að læra hvernig maður beitir líkamanum þegar maður er að hlaupa. Það er allt of algengt að fólk hugsi of stórt þegar það fer af stað, flestir hugsa um maraþon þegar þeir byrja að hlaupa.“

Byrjar það kannski að hlaupa í byrjun sumar og ætlar að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoni nokkrum vikum síðar?

„Já, skella sér bara beint í heilt maraþon – og svo fær fólk ekki góða upplifun og hættir bara,“ segir Guðný. „Kannski ertu alveg ónýtur í líkamanum eftir þetta af því þú ert ekki búinn að undirbúa þig nóg. Mér fannst það ekkert rosalega heillandi þegar Börkur sagði mér að það að verða góður hlaupari

tekur alveg sjö til tíu ár. Það er allt of algengt að við viljum einhverjar skyndilausnir.

Nýliðanámskeiðin kenna fólki að taka réttu skrefin, fara öll skrefin. Þetta er þolinmæðisvinna og við sáum líka að fólk miklaði svolítið fyrir sér að ganga í þennan hóp. „Þetta er þríbrautarhópur og allir búnir að vera svo lengi.“ Nýliðanámskeiðin eru stökþallur til að undirbúa fólk svo það sé tilbúið fyrir hlaupahópinn. Ef fólk getur ekki hlaupið, endist kannski bara upphitunina, þá gefst það upp fljótlega en sé fólk farið að ná að hlaupa fimm kílómetra og þá nýtur það sín betur hlaupahópnum – og þegar fólk er búin að ná fimm kílómetrunum er auðvelt að bæta sig.

Hópurinn hefur breikkað mikið hjá okkur en við erum tvö að þjálfva og getum skipt okkur milli hópa. Svo eru líka svo geggjaðir einstaklingar í þessum hópi sem eru alltaf til í að hjálpa til. Það er mjög skemmtilegt að vera hluti af þessum félagsskap, þessi hópur er alveg ótrúlegur og tekur vel á móti öllum svo fólk þarf ekki að vera hrætt við að mæta. Það er þó nokkuð af fólki sem er bara að byrja og þetta snýst bara um að taka skrefið og koma sér út úr dyrunum.“



Börkur og Guðný eru þjálfarar hjá 3N, þríbrautardeild Njarðvíkur.



Hlaupahópurinn er skemmtilegur félagsskapur sem tekur vel á móti öllum nýliðum.



# verið velkomin á public deli

Nýjan og glæsilegan veitingastað og verslun að Keilisbraut á Ásbrú



## fjölbreyttur matseðill

bjórkjúklingur, hollustuvefjur, hamburgarar, pizzur, salöt og fiskur ásamt fleiri réttum.



Verslun og veitingastaður opna kl. 11 á morgnana. Opíð til kl. 21 alla daga vikunnar.



## grab&go

Komdu og gríptu með þér nýlagð kaffi og brauð frá kl. 8 alla morgna. Úrvalið kemur á óvart.



## Mundi

Grindvíkingar blóta ekki þorra, heldur Víði!



## Grindvíkingar skemmtu sér frábærlega á þorrablótinu

Grindvíkingar létu ástandið í Grindavík ekki stöðva sig og héldu sitt árlega þorrablót með pomp og prakt á laugardaginn á heimavellinum sínum í Smáranum í Kópavogi. Metmæting var og var ljóst frá fyrstu mínútu að Grindvíkingar skildu leiðindin vegna ástandsins heima fyrir eftir þar sem þau búa í dag og voru bara mættir til að skemmta sér saman.

Ingimar Waldorff hefur verið í þorrablótnefndinni frá upphafi, eins og nánast allir sem eru í nefndinni. „Ég held ég hafi sjaldan skemmt mér eins vel. Ég var allan tímann sannfærður um að allir myndu skilja blúsinn eftir

heima og væru bara að koma til að skemmta sér. Það var athyglisvert að tala við einn dyravörðinn, hann er vanur leiðindum á böllum og bjó sig undir það versta, hann trúði ekki hversu vel þetta fór fram. Sjálft blótið lukkaðist ótrú-

lega vel, veislustjórnarnir okkar, þau Hjálmar Örn og Eva Ruza, fóru gersamlega á kostum. Það var mikið fagnað þegar Hjálmar reif sig úr að ofan og klæddi sig í gula Grindavíkurtreyju, Eva þurfti ekki að gera það þar sem hún mætti í fallegum gulum kjól, þau voru alveg frábær. Ég held ég hafi slegið met í knúsum þetta kvöld, ég gerði ekki annað en knúsa fólk og það var gaman að sjá hvað þorrablótmyndbandið vinsæla sló í gegn,“ sagði Ingimar að lokum.



Fleiri myndir á [vf.is](http://vf.is)

## Reykjanesskaginn á krossgötum – þróun atvinnulífs í breyttu landslagi

Atvinnurekendum á Suðurnesjum er boðið til opins fundar í Stapa Hljómahöll, 12. febrúar kl. 17.00–19.00.



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Hver er staðan og hvað hefur verið gert til að bregðast við þeim áskorunum sem atvinnulífið á Suðurnesjum stendur frammi fyrir? Hver er staða orku- og vatnsmála á svæðum utan Grindavíkur?

### Kynningar verða frá:

- HS Veitum – Páll Erland, forstjóri
- HS Orka – Tómas Már Sigurðsson, forstjóri
- Landsnet – Halldór Halldórsson, öryggisstjóri
- Veðurstofa Íslands – Benedikt Halldórsson, fagstjóri jarðskjálftavár

Atvinnurekendum á Suðurnesjum eru hvattir til að mæta.

Fundarstjórar verða Berglind Kristinsdóttir og Guðmundur Gunnarsson.

Fundinum verði streymt beint á **facebook** síðu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Víkurfrétta.



ISAVIA  
KADECO